SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# ASTRID LINDGREN



## 30. SEPTEMBER

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. SEPTEMBER KL. 14:00 OG 16:00

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Anna-Maria Helsing** *hljómsveitarstjóri*
**Þórunn Arna Kristjánsdóttir og**
**Sigurður Þór Óskarsson** *söngvarar og sögumenn*
**Jóhann G. Jóhannsson** *útsetningar og handrit*
**Krakkakór Kársnesskóla**
**Álfheiður Björgvinsdóttir** *kórstjóri*

## DAGSKRÁ

*Emil í Kattholti*

**1. Kattholtsmars**
(Tónlist: Georg Riedel/JGJ)

**2. Hlustið, góðu vinir!**
(Lag: GR / Texti: A.Lindgren, þýð.: Böðvar Guðm.)

**3. Smíðaskemma**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**4. Kisa mín**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**5. Ástarsöngur Línu vinnukonu**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**6. Vinnumannsvísur Alfreðs**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**7. Blísturslagið**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**8. Öfugmælavísur**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

**9. Vorsöngur Ídu**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: BG)

*Á Saltkráku*

**10. Vorsöngur frá Saltkráku**
(Þjóðlag / Texti: AL, þýð.: JGJ

*Bróðir minn Ljónshjarta*

**11. Ljónshjarta**
(Tónlist: JGJ)

**12. Dúfan hvíta**
(Lag: JGJ / Texti: AL, þýð.: Þ.Eldjárn)

**13. Frelsissöngur úr Þyrnirósadal**
(Lag: JGJ / Texti: AL, þýð.: ÞE)

*Lína Langsokkur*

**14. Letidýr**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: JGJ)

**15. Sjóræningjaafi**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: JGJ)

**16. Sumarsöngur Línu Langsokks**
(Lag: GR / Texti: AL, þýð.: JGJ)

**17. Lína Langsokkur**
(Lag: Jan Johansson / Texti: AL, þýð.: Kristján frá Djúpalæk)

## ASTRID LINDGREN

Á löngum og farsælum rithöfundarferli skrifaði Astrid Lindgren fjölmargar bækur fyrir börn á öllum aldri sem hafa síðan öðlast framhaldslíf meðal annars á leiksviði og í kvikmyndum. Á þessum fyrstu Tónsprotatónleikum starfsársins hljómar úrval tónlistar sem byggist á ævintýrum eftir Astrid Lindgren í nýjum útsetningum Jóhanns G. Jóhannssonar.

Gáskafull tónlistin með grípandi laglínum undirstrikar vel kenjar og óknytti sögupersónanna en einnig er að finna hrífandi og hugljúfa tónlist sem fangar vináttu og væntumþykju betur en nokkur orð.

Leikararnir Sigurður Þór og Þórunn Arna bregða sér í hlutverk ýmissa góðkunningja okkar úr sögunum vinsælu og rifja upp kostuleg atvik í tali og tónum þar sem uppeldissjónarmið fullorðinna eru teygð og toguð og hugmyndir æskunnar um lífið og tilveruna fá að njóta sín til fulls.

*EMIL HÉT STRÁKUR SEM ÁTTI HEIMA Í KATTHOLTI Í SMÁLÖNDUM. HANN VAR SVO DÆMALAUST FRÍÐUR AÐ HANN LEIT HELST ÚT FYRIR AÐ VERA ALGERT ENGLABARN. EN ENGINN SKYLDI ÍMYNDA SÉR ÞAÐ ÞVÍ AÐ EMIL GERÐI FLEIRI SKAMMARSTRIK EN DAGARNIR ERU Í ÁRINU. EFTIR VERSTU ÓKNYTTINA ÞURFTI HANN AÐ DÚSA Í SMÍÐASKEMMUNNI ÞAR SEM HANN DUNDAÐI SÉR VIÐ AÐ TÁLGA SPÝTUKARLA.*



*SIGURLÍNA RÚLLUGARDÍNA NÝLENDÍNA KRÚSIMUNDA EFRAÍMSDÓTTIR LANGSOKKUR BETUR ÞEKKT SEM LÍNA LANGSOKKUR. LÍNA BÝR Á SJÓNARHÓLI ÁSAMT APANUM HERRA NÍELS OG HESTINUM SÍNUM DOPPÓTTA. FAÐIR HENNAR ER SKIPSTJÓRI SEM EYÐIR ÖLLUM SÍNUM TÍMA Á SJÓ OG ÞVÍ ÞARF LÍNA AÐ SJÁ UM SIG SJÁLF. ÞAÐ REYNIST HENNI AUÐVELT ÞAR SEM HÚN ER STERKASTA STELPA Í HEIMI.*

# Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

**LAU 16. DES » 14:00 OG 16:00**
**SUN 17. DES. » 14:00 OG 16:00**
**JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR**

Hér hljóma sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist. Ungir ballettdansarar dansa þætti úr Hnotubrjótnum. Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir ásamt táknmálskór færa hlustendum jólalögin í sannköllum hátíðarbúningi.

**LAU 10. FEB » 14:00 og 16:00**
**ÆVINTÝRATÓNLEIKAR ÆVARS**

Ævar vísindamaður og Sinfóníuhljómsveitin fara um víðan völl með forvitnina að vopni og kynna fyrir hlustendum ævintýralega tónlist, m.a. úr Harry Potter, Sjóræningjum Karíbahafsins, Hringadróttinssögu og Draugabönum.



**LAU 12. MAÍ » 14:00. DREKINN INNRA MEÐ MÉR**

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Hljómsveitin er í hlutverki drekans en Halldóra Geirharðsdóttir í hlutverki sögumanns. Myndum er varpað á skjáinn í Elddborg og einnig stíga á svið ungir dansarar.

**Aðalstyrktaraðili :**

GAMMA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50
**@icelandsymphony / #sinfó**